


Jakob Benediktsson ver doktorsritgerð við Hafnarhéskóla

Rit hans um Arngrím lærða og rit hans viðurkennt sem doktorsritgerð

Heimspékideild Kaupmannahafnarháskóla hefur tekið gilt sem doktorsritgerð rit Jakobs Benediktssonar um Arngrím lærða og rit hans, og mun doktorsvörnin fara fram í haust.

Jakob Benediktsson hefur sem kunnugt er haft það í hjáverkastarfi um áratugsskeið að rannsaka rit Arngríms lærða og gefa þau út. Er hinn latneski texti ritanna allur kominn út, þrjú bindi í hinu mikla ritsafni um íslensk og norræn fræði, Bibliotheca Arnarnagana, sem Jón Helgason prófessor er ritstjóri að.

Fjórdra bindi útgáfunnar kemur út í haust og eru þar skýringar við öll bindin þrjú. Þar er innangangur að því bindi, um Arngrím lærða og rit hans, sem heimspékideild Hafnarháskóla hefur tekið gilt sem doktorsritgerð. Ekki er fullráðið hvenær doktorsvörn Jakobs fer fram, en það mun verða í haust.



Þessi mynd var tekið á Rauðarhöfn í fyrri viku; þegar horfur voru á því að sumarið 1957 yrði mildað sildarsumar. Nú hafa þær vonir dofnað — í billi a.m.k.; en við óskum þess að þetta unga dagnaðar-fólk fái aftur milka sild í næstu viku.

Fimm ára drengur drukknaði í Hvítá hjá lðu í fyrradag

Fimmtudaginn 18. júlí um hádegisbil varð það hörmulega eiys, að fimm ára drengur, Bolli Guðmundsson skráður til heimilis að Drápuhlíð 3, tók sig út úr barnahópnum í sumardvalaheimili Rauða krossins í Laugarási, Biskupstungum og beið bana í Hvítá.

Foreldrar drengsins Soffía Sigurjónsdóttir og Guðmundur Ólafsson, eru nú til heimilis að Heiði í Ytri-Njarðvík.

Í Laugarási dveljast 120 börn. Mikið og hentugt land er umhverfis heimilið en um það stundarfjórðungs gangur niður að ánni, þar sem börnunum er að sjálfsgöðu haldið frá að koma, enda skurðir og hindranir á þeirri leið.

Fóstrurnar voru komnar heim með börnin til hádegisverðar og var drengurinn þá í hópnum. Áður en gengið var til borðs, tóku fóstrurnar eftir, að dreng-

inn litla vantaði, en hann hafði verið mjög erfiður í gæzlu. Var þegar hafin leit og menn fenguir til hjálpar frá lðu hinu megin Hvítár. Kl. 15 fannst lík hans í ánni. Hafði hann gengið fram af bakkanum, þar sem djúpur hylur er framundan. Er þetta drjúgan spöl utan endimarka þess lands, þar sem fóstrurnar gæta barnanna. En þennan sólríka, heita sumardag voru börnin flest í sólbaði í brekkunum kringum heimilið.

Margar þúsundir barna hafa

Framhald á 6. síðu

Ráðgerðu að myrða Nasser — Herréttur settur í Kairo

Meðal samsærismanna voru tveir fyrrverandi ráðherrar

Sérstökum herrétti í Kairo hefur verið falin rannsókn í máli 14 samsærismanna, er samkvæmt frásögn þarlendrar fréttaritarar höfðu í hyggju að ráða Nasser forseta af dögum ásamt öllu ráðuneyti hans.

Meðal hinna ákærðu eru tveir fyrrverandi ráðherrar. Voru þeir í stjórn þeirri, er fór með völd í landinu áður en Nasser tók þau í sínar hendur. Af öðrum sakborn'ngum eru níu embættismenn eða fyrrverandi embættismenn, en þrír eru óbreyttir borgarar.

Kairóútvarpið sagði í gær að menn þessir hefðu reynt að fá fleiri í félagsskap með sér og

koma á fót hernaðarbandalagi. Hefðu þeir síðan ætlað að myrða Nasser og ráðuneyti hans og mynda nýja stjórn undir forseti annars af hinum fyrrverandi ráðherrum. En maður nokkur, sem reynt var að fá í samtökin, brást og gerði yfirvöldunum viðvart. Voru samsærismenn-

irnir handteknir einmitt degi áður en reyna skyldi við framkvæmd verksins. Var foringþeirra í hópi hinna handteknur.

Samkvæmt Kairóútvarpinu Framhald á 8. síðu.

Engin veiði — ágætt veður

Fréttaritari Þjóðviljans símaði í gærkvöldi að engar veiðifrétir væru enn af miðunum, hinsvegar komið gott veður og menn vongóðir um veiði í nótt er leið. Bátarnir hafa fundið síld í sjónum, en hún stendur mjög djúpt. Í gær voru saltaðar 100 tonnur er fengust við Kolbeinsey og var það feit og góð síld.

Íslendingar unnu Austurþjóðverja í 8. umferð

Í gærkvöld var teflid 8. umferð á heimsméistaramóti stúdenta í skák. Íslendingar teflidu við Austurþjóðverja, og hlutu 2½ vinning gegn ½, en ein skák fór í bið. Af viðureign hæstu sveitanna er það að segja, að Sovétríkin hlutu 2½ vinning gegn ½ vinningi Tékká, en ein skákin fór í bið.

Úrsltin urðu sem hér segir:

Danmörk — Svíþjóð

Larsen — Söderborg 1-0

Ravn — Häggkvist 1-0

Refill eftir Sigrúnu Ólafsdóttur er einn gripanna á afmælissýningunni í Handíða- og myndlistarskólanum.

Andersen — Sehlstedt (bið)
Dinsen — Palmkvist (bið)

Finnland — Bandaríkin

Lahti — Lombardy (bið)
Rannanjärvi — Mednis 0-1
Aaltio — Feuerstein (bið)
Sammal'sto — Saidy 0-1

A-Þýzkaland — Ísland

Dittmann — Friðrik 0-1
Bertholdt — Guðmundur 0-1
Libert — Ingvar ½-½
Jüttler — Þórir (bið)

Rúmenía — Ecuador

Militelu — Munos 0-1
Drimer — Yépez Olavo 1-0
Ghitecu — Benites 1-0
Szabo — Yépez Osvaldo 1-0

Búlgaría — England

Kolaroff — Persitz ½-½
Padevski — Martin 1-0
Peev-Tringoff — Davis 1-0
Bogdanoff — Gray 0-1

Framhald á 6. síðu

Afmælissýning Lúðvígs Guðmundssonar skólastj.

opnuð í Handíða- og myndlistarskólanum í dag

Í dag kl. 2.30 verður opnuð sýning til heiðurs Lúðvíg Guðmundssyni skólastjóra Handíða- og myndlistarskólans. Sýningin er í húsakynnum Handíða- og myndlistarskólans, Skipholti 1. Skólinn hefur nú starfað nær 30 ár og í honum hafa flestir yngstu listamanna landsins hlotið fyrstu menntun sína.

Verk fjölda listamanna

Á sýningu þessari eru aðeins verk þeirra sem stundað hafa nám í skólanum, eru meðal þáttakanna á sýningunni þessir:

Listmálarnir Bragi Ásgeirsson, Eiríkur Smith, Einar Baldvínsson, Guðmundur Guðmundsson (Ferro), Hafsteinn Aust-


mann, Hrólfur Sigurðsson, Hörður Ágústsson, Jóhannes Geir, Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Pétur Friðrik, Sverrir Haraldsson, Veturlíði Gunnarsson,

Myndhöggvararnir Gerður

Helgadóttir, Gestur Þorgrímsson. Framhald á 2. síðu.



Mynd af Lúðvíg Guðmundssyni, er Sigurjón Ólafsson myndhöggvari hefur gert.



Arastöð við Háteigsveg

sem er ca. 600 ferm. geymsluhús úr timbri, járnklætt, er til sölu til niðurrífs.

Tilboð sendist í pósthólf 296 fyrir 25. þ.m.

Upplýsingar í sínum 16767 og 19537.

ÓSKAR HALDÓRSSON H.F.

Frá Sósíalistafélagi Rvíkur

Vegna sumarleyfa verður skrifstofa Sósíalistafélagsins opin aðeins milli kl. 5 til 7 e.h. — Félagsmenn eru vinsamlega beðnir að koma í skrifstofu félagsins í Tjarnargötu 20, á áður tilteknum tíma, og greiða félagsgjöld sín.

Símanúmer Sósíalistafélagsins er:

1 75 10

Stjórn Sósíalistafélagsins

Tilkynning

til síldarsaltenda sunnanlands

Þeir síldarsaltendur, sem ætla að salta síld sunnanlands á komandi reketavertíð, þurfa samkv. 8. grein laga nr. 74 frá 1934 að sækja um leyfi til síldarútvegsnefndar.

Umsækjendur þurfa að upplýsa eftirfarandi:

1. Hvaða söltunarstöð þeir hafa til umráða.
2. Hvaða eftirlitsmaður verður á stöðinni.
3. Eigi umsækjendur tunnur og salt, þá hve mikið.

Umsóknir þurfa að berast skrifstofu nefndarinnar fyrir 31. þ.m.

Óski saltendur eftir að kaupa tunnur og salt af nefndinni, er nauðsynlegt að ákveðnar pantanir berist sem allra fyrst eða í síðasta lagi 31. þ.m.

Tunnurnar og saltið verður að greiða við móttöku eða setja bankatryggingu fyrir greiðslunni áður en afhending fer fram.

Síldarútvegsnefnd

★ 1 dag er laugardagurinn 20. júlí — 201. dagur ársins — Þorláksmessa (á sumri). — Tungl í hásuðri kl. 7.25. — Síðdegisháflæði kl. 12.01.



Útvarpið í dag: Fastir liðir eins og venjulega. Kl. 12.50 Óskálög sjúklinga Sjöfn Sigurbjörns-lóttir. 14.00 Laug-rdagslögin. 19.30 Einsöngur: Giuseppe Valden-gosyngur (pl.). 20.30 Einsöngur: Frægar sópransöngkonur syngja (pl.). 20.50 Leikrit: Gamli bærinn eftir Niels Th. Morthensen, í þýð-ingu Ragnars Jóhannessonar (áð-ur útvarpað 26. maí í fyrra). — Leikstjóri: Indriði Waage. 22.10 Danslög (pl.). 24.00 Dagskrárlök.

Hjónaband

Í dag verða gefin saman í hjóna-band af séra Þorsteini Björnssyni ungfrú Inga Erna Þórarinsdóttir og Ólafur Garðar Eydólfsson; heimili ungu hjónanna verður að Sigtúni 33.

MESSUR Á MORGUN:

Óháði söfnuðurinn: Messa í Að-venikirkjunni kl. 11 árd. (Síðasta messa fyrir sumarleyfi). Séra Emil Björnsson.

Dómkrá: Messa kl. 11 árd. Séra Jón Auðuns.

FLUGFERÐIR:

Löfleiðir h.f.

Hekla er væntanleg kl. 8.15 frá New York; vélta heldur áfram til Glasgow og London. Leiguflygveið Lofleiða er væntanleg kl. 19 frá Osló og Staðangri; vélta heldur áfram til New York kl. 20.30.

Flugfélag Íslands h.f.

Míllíandaflug: Gullfaxi fer til Glasgow og Kaupmannahafnar kl. 8 í dag; væntanlegur aftur til Rvíkur kl. 22.50 í kvöld; flugvélin fer til Glasgow og Kaupmannahafnar kl. 8 í fyrramálið. Hrim-faxi fer til Kaupmannahafnar og Hamborgar kl. 9 í dag; væntan-legur aftur til Rvíkur kl. 15.40 á morgun.

Innanlandsflug: Í dag er áætlað að fljúga til Akureyrar (3 ferðir); Blönduóss; Egilsstaða; Ísafjarðar; Sauðárkrúks; Skógasands; Vest-mannaeyja (2 ferðir) og Þórshafnar. — Á morgun er áætlað að fljúga til Akureyrar (2 ferðir); Ísafjarðar; Sighlufjarðar og Vest-mannaeyja.

Ferðir og ferðalög

Ferðaskrifstofa

Páls Arasonar

Hafnarstræti 8. Sími 17641.

8 daga ferð um Sprengisand 21.–28. júlí. Ekið yfir Sprengisand í Landmanna-laugar.

11 daga ferð um Sprengisand og Fjallabaksveg 21. júlí til 2. ágúst. Ekið yfir Sprengi-sand í Landmannalaugar og til Kirkjubæjarklausturs.

6 daga ferð til Veidivatra og Landmannalauga 23. til 28. júlí Ekið verður um Skarð til Veidivatra. Á fjórða degi verður farið í Landmanna-laugar.

11 daga ferð til Veidivatra og um Fjallabaksveg 23. júlí til 2. ágúst.

10 daga ferð um Fjallabaks-veg og Þórsmörk 28. júlí til 5. ágúst. Ekið verður til Land-mannalauga um Fjallabaks-veg til Núpstaðar og um Vík í Mýrdal í Þórsmörk.

Afmælissýning Lúðvígs

Framhald af 1. síðu.

Myndskerarnir Jóhann Björns-son frá Húsvík, Sveinn Ólafs-son.

Listiðnaðarkonurnar frá Auð-ur Sveinsdóttir Laxness, frú Ás-gerður Ester Búadóttir, frú Sig-rún Guðjónsdóttir, frú Sig-rún Gunnlaugsdóttir, frú Sig-rún Ólafsdóttir, frú Sigríður Björnsdóttir, frú Kristín Þor-kelsdóttir, frú Kristín Jónsdótt-ir og frú Ásta Jónsdóttir.

Gullsmíðirnir frá Ásdís Thor-oddsen, Jens Guðjónsson.

Af nemendum skólans frá sl. vetri má nefna: Gísla Björnsson, Flóka Nielsen, frú Steinunni Marteinsdóttur o.fl.

Á sýningunni eru auk þess munir eftir ýmsa aðra, er stund-að hafa nám á ýmsum námskeið-um skólans m.a. í bókbandi, teiknun o.fl. greinum. Ennfrem-ur allmargt af teikningum barna.

Sýningin er í þrem stórum kennslustofum á þriðju hæð og er þar m.a. þetta:

Óflumálverk, vatnslitamyndir, Gouachemyndir, klippamyndir (Collage), steinprent (litógraf-ía), Mosaikmyndir, Mosaik-gluggi. — Höggmyndir, Járn-og virmyndir, Keramik, listvefn-aður, útsaumur, taubrykk, batik, silfursmíði, útskurður, smeltu-verk, bókband, leðurvinna, bast-og tágvuma, járnsmíði, frihend-isteikningar, skreytingarlist, skrautmunir úr horni, beini og tré, fíndur, teiknun og málun barna.

Listaverk og listiðnaður

Eldri og yngri nemendur Hand-íða- og myndlistarskólans efna til sýningar þessarar til að heiðra skólastjórnann, Lúðvíg Guðmundsson, en hann stofnaði skólann árið 1939 og hefur veitt honum forstöðu síðan. Vilja nemendur hans nú þakka hon-um fyrir brautryðjandastarf í þágu mennta á sviði almenns verknáms, listiðnaðar og æðri myndlistar hér á landi.

Grundvöllur að æðra listnámi

Starfi skólans er vel lýst í „ávarpi“ skólanefndarinnar ár-ið 1952:

„Enginn, er til þekkir, gengur þess dulinn, að með og vegna stofnunar Handíða- og mynd-listaskólans haustið 1939 hefur afstaða og aðstaða almennings til verknáms og listnáms gjör-breytzt og batnað að mun.

Með skólanum og starfi hans síðar var komið á innlendri sér-menntun kennara í smíðum, teiknun og handavinnu kvenna. Opnaðir voru möguleikar fyrir almennings, konur sem karla, börn og fullorðna, til náms og tómstundastarfs í fjölmörgum hagnýtum greinum og listum, m.a. í útskurði, bókbandi, leð-urvinnu, málsmíði, listmálun, ýmsum greinum teikunar; smíð-

um, fíndri og teiknun fyrir börn o.s.frv.

Með stofnun myndlistadeildar skólans (1941), sem er fastur dagskóli með 8 mán. námi á ári (allt að 30 stundir í viku), var lagður grundvöllur að æðra listnámi hérlandis. Myndlista-deildin hefur þegar fyrir löngu hlotið viðurkenningu margra ágættra og víðkunna erlendra myndlistaskóla“.

4500 nemendur

Tala nemenda skólans er nú orðin um 4500. Við hann starfa nú, auk skólastjórnar, tveir fast-ir kennarar: Sigurður Sigurðs-son og Sverrir Haraldsson og 15 stundakennarar. Á sl. ári færði skólinn enn út kvíarnar með stofnun nýrra deilda: list-iðnaðardeildar kvenna og kennsludeildar hagnýtrar mynd-listar.

ORLOF
B.S.I.

FERÐAÞRETTIR

Í dag kl. 13.30

Tveggja daga ferð í Þórsmörk. Ósottar pantanir seldar eftir kl. 12.

Í dag kl. 13.30

Skemmtiferð um Suð-urnes. Farið að Höfn-um, Sandgerði, Kefla-vík og Grindavík. Síðdegiskaffi í Flug-vallarhótelinu.

Á morgun kl. 9

Skemmtiferð um Gullfoss, Geysi, Skálholt og Þingvelli.

Á morgun kl. 9

Skemmtiferð í Þjórs-árdal með viðkomu í Hjálpi, Stöng, Gjá, Selfossi, Írafossi og Þingvöllum

SJONER
SÖGU
RIKARI



I dag er næstsíðasti dagur vörusýningarinnar